

DAGUR Í STARFI



Tilgangur og markmið

Starfskynning getur í mörgum tilfellum reynst fyrstu kynni nemenda af atvinnulífinu. Jafnvel í fyrsta sinn sem nemendur velta fyrir sér ólíkum vinnustöðum, hugsa um framtíðarþátttöku í atvinnulífi, starfsmöguleika eða gera tilraun til að máta sig við ákveðið starfsumhverfi.

Tilgangurinn er að gera nemendur meðvitaða um eigin áhuga, þá möguleika sem eru í boði og veita innsýn í veröld vinnunnar, hvernig nám og störf tengjast og hvaða réttindi og skyldur mæta fólki á vinnumarkaði. Reynsla af slíkri starfskynningu í upphafi unglingsáttunda er gott fyrsta skref í átt að markvissri náms- og starfsfræðslu þar til grunnskólanámi lýkur við lok 10. bekkjar.

Áður en farið er af stað er æskilegt að fjalla stuttlega um fjölbreytileika náms og starfa. Ræða við nemendur um tilgang starfskynninga og markmið á borð við að „öðlast skilning á atvinnulífinu í samhengi við námsleiðir og starfsval.“

Starfskynningardagurinn

Yfirskrift verkefnisins gagnvart nemendum gæti verið eitthvað á borð við; Hvað er fólk að gera í vinnunni? Hvernig vinnustaður gæti hentað mér í framtíðinni?

Fyrir utan sjálfsagðar umgengisvenjur eru nemendur beðnir um að hafa í huga þeirra eigin upplifun af vinnustaðnum og þeim verkefnum sem þar eru unnin, kosti og galla við störfin, staðinn sem hugsanlegan framtíðarvinnustað og hvort heimsóknin breytti einhverju í sambandi við eigin skoðanir á viðkomandi starfi.

Hvetja þarf nemendur til að kynna sér sérstaklega hvaða menntunar er krafist í viðkomandi starfi og nálgast heimsóknina með opnum huga.

Stutt skýrsla og umræður

Nemendur meta eigin reynslu með stuttri skýrslu. Í framhaldinu er upplagt að láta nemendur gera grein fyrir reynslu sinni og lærdómi með umræðu í bekknum eða hópavinnu og jafnvel nota tækifærið til að kynna starfsmöguleika í nærumhverfinu. Það má einnig gera með hópavinnu þar sem fyrir fram gefnar spurningar eru ræddar um framkvæmd starfskynninganna og þann lærdóm sem af þeim megi draga.

Til nemenda

Í skólanum hefur þér nú boðist að fylgja eftir, einhverjum sem þú þekkir, í einn dag á vinnustað viðkomandi. Nú þarftu að skila inn stuttri skýrslu um þá reynslu. Skrifaðu stutta greinargerð þar sem þú segir frá starfskynningunni.

Skýrslan þarf að vera í tveimur hlutum:

1. Frásögn – segðu frá vinnustaðnum sem þú valdir.
 - a. Hvers konar vinnustaður var þetta?
 - b. Hver eru helstu verkefni sem þar eru unnin?
 - c. Annað sem þú tókst eftir á staðnum?
2. Hvað lærðir þú? Hvað skilur starfskynningin eftir sig?
 - a. Leið þér vel á vinnustaðnum? Af hverju/af hverju ekki?
 - b. Hvað var jákvætt/neikvætt?
 - c. Gæti þetta orðið framtíðarvinnustaður þinn? Af hverju/af hverju ekki?
 - d. Hefurðu uppgötvað eitthvað um sjálfa/n þig sem þú vissir ekki áður?
 - e. Hvað finnst þér um svona dag úti í atvinnulífinu? Gagnlegt eða tímasóun?

Samantekt

Mikilvægt að taka í lokin saman hvað tókst vel og hvað betur má fara, hvort tveggja gagnvart nemendum sem og til að efla samstarf skóla og atvinnulífs.